

Borgarráð 27. júlí 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um átak til að útrýma biðlistum eftir félagslegu húsnæði MSS23070095

Borgarráð samþykkir að Reykjavíkurborg ráðist í átak til að útrýma biðlistum eftir félagslegu húsnæði. Þar er átt við almennt félagslegt húsnæði, húsnæði fyrir fatlað fólk, þjónustuíbúðir aldraðra og húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir. Það verði gert með því að hefja stórfellda uppbyggingu félagslegra íbúða. Eigið fé Félagsbústaða nam í árslok 2022, 83.767 m.kr. og eiginfjárlutfall félagsins var 56,1%. Fasteignafélög á markaði eru með um 30% eiginfjárlutfall. Eigið fé Félagsbústaða umfram þessi mörk gæti því staðið undir byggingum íbúða. Meira en nóg til þess að vinna ofan af biðlistum eftir félagslegu húsnæði.

Greinagerð:

Biðlistar eftir félagslegu húsnæði hafa lengst um 32% á síðustu tveimur árum. Í júlí mánuði 2021 biðu 817 manneskjur eftir húsaskjólum en nú tveimur árum síðar er fjöldinn kominn upp í 1076. Það er ómannúðlegt og stórskadlegt fyrir þá einstaklinga sem um ræðir og samfélagið allt að biðlistar séu við lýði. Fólk á biðlistum er í aukinni hættu á andlegum veikindum, í formi kvíða og þunglyndis. Einnig getur streitan sem fylgir biðinni haft líkamleg áhrif og valdið langtíma veikindum. Biðlistar geta viðhaldið heimilisleysi og reynast samfélaginu gríðarlega kostnaðarsamir, því manneskjur sem eru á biðlista þurfa oftast að nota neyðarskýli og aðra neyðarþjónustu. Áhrif biðlista á líðan barna eru einnig miklar, og geta haft áhrif á námsframvindu. Með því að útrýma biðlistum yrði kostnaður til lengri tíma minni og íbúar upplifðu meiri vellíðan í samfélaginu. Fjárfestingar í félagslegu húsnæði eru ódýrustu og skynsömustu leiðirnar til að tryggja velferð og stöðugleika í samfélaginu, í stað þess að greiða enn hærra verð fyrir afleiðingar vanfjárfestinga í grunninnviðum seinna meir. Fyrir utan það er mikilvægt að borgin standi við lögboðið hlutverk sitt, sem er að tryggja það að allt fólk sé með húsaskjól. Biðlistar eru ómannúðlegir og grafa undan trausti íbúa til borgaryfirvalda.